

**8. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 19. maí á Hótel Héraði.**

**Fundurinn hófst kl. 15:00.**

Mættir eru Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt og Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hildur Þórisdóttir og Elvar Snær Kristjánsson.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Vilhjálmur Jónsson og Stefán Bogi Sveinsson boðuðu forföll

**1. Fundargerðir**

Fundargerð síðasta fundar Undirbúningsstjórnar lögð fram og staðfest.

**2. Sveitarstjórnarkosningar**

Framhald frá síðasta fundi.

Ákveðið að leggja til við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að kjördagur verði 19. september 2020. Framboðsfrestur er til 8. ágúst og nýja sveitarfélagið tekur þá til starfa 4. október.

Verkefnisstjóra var falið að senda sveitarstjórnnum erindi með beiðni um að valin verði yfirkjörstjórn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

**3. Staðfesting sameiningar**

Drög að bréfi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis lögð fram þar sem óskað eftir að ráðneytið staðfesti sameiningu sveitarfélaganna að nýju með vísan til 2. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fylgiskjal með bréfinu er tillaga að breytingu á ákvæðum 36. gr. og bráðabirgðaákvæði Samþykktu um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, sem miða að því að koma til móts við ábendingar sem borist hafa við framkvæmd heimastjórnarkosninga.

**4. Vinna starfshópa og fjárhagsáætlun 2021-2024**

Óðinn Gunnar Óðinnsson og Guðlaugur Sæbjörnsson komu á fundinn og gerðu grein frá stöðu á vinnu Starfshóps um fjármál og Starfshóps um rafræna stjórnsýslu.

Vinna starfshóps um rafræna stjórnsýslu byggir á þeirri stefnuyfirlýsingu sem kynnt var í sameiningarferlinu að *Sveitarfélagið Austurland verði leiðandi í nýtingu rafrænn lausna í stjórnsýslu sveitarfélagsins og þjónustu við íbúa þess.*

Fyrirliggjandi eru tillögur um val á upplýsingatæknikerfum og leggur starfshópurinn áherslu á að sem fyrst verði hægt að taka ákvarðanir um hvaða kerfi verði valin.

Vinna við tillögu að fjárhagsáætlun nýs sveitarfélagsins er hafin með það að markmiði að ný sveitarstjórn geti fjallað um hana þegar hún kemur til starfa í október.

## **5. Stjórnskipulag og mönnun nýs sveitarfélags**

Róbert kynnti hugmynd að uppbyggingu stjórnskipulags og starfsheitum lykilstjórnenda. Hugmyndin byggir á stjórnskipulagstillögu sem Framkvæmdahópurinn hefur haft til umfjöllunar og niðurstöðum úr viðtölum mannauðsráðgjafa við 55 starfsmenn sveitarfélaganna. Tillagan er kynnt sem trúnaðarmál.

Tillagan byggir á því að stjórnskipulagið sé einfalt og skilvirkt, þar sem starfsmenn og stjórnendur vinna saman í teyllum. Rafrænar lausnir verða nýttar til að tengja saman starfsstöðvar í öllum byggðakjörnum. Mynduð verða þrjú svið sem starfa með þremur fagnefndum. Á hverju sviði starfar þriggja manna teymi stjórnenda og með þeim teymi sérfræðinga og starfsmanna innan hvers sviðs. Á hverjum stað verður Heimastjórn og fulltrúi sveitarstjóra sem starfar með Heimastjórn.

## **6. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar**

Næsti fundur verður boðaður með tölvupósti að afloknum fundi Framkvæmdahóps með mannauðsráðgjafa og ráðuneyti.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17:10.